

3. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 13. gr., sbr. 3. gr. auglýsingar um staðfestingu á reglugerð um breytingu á reglugerð þessari nr. 77/1990:

- a. Orðin „að því er varðar mengunarvarnir og yfirstjórn Siglingamálastofnunar ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar“ í 2. tölul. i.f. falli brott.
- b. Á eftir orðunum „Skipulags- og byggingarmál,“ í 3. tölul. komi: brunavarnir.
- c. Á eftir orðinu „skipulagsstjórn“ í 3. tölul. komi: Brunamálastofnun ríkisins.
- d. Á eftir 4. tölul. komi nýr tölul., sem orðist svo:
 5. Varnir gegn ofanflóðum, sem eigi ber undir annað ráðuneyti lögum samkvæmt.
- e. Töluliðir 5 til og með 7 breytast í töluliði 6 til og með 8.

4. gr.

Í stað orðanna „Hlutafélög, samvinnufélög“ í 7. tölul. 15. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 64/1987 og 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 5/1990, komi: Hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, önnur en skráningu, svo.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi sem hér segir:

Stafliðir a, d og e í 3. gr. við birtingu.

2. og 4. gr. hinn 1. september 1997.

1. gr. og stafliðir b og c í 3. gr. hinn 1. janúar 1998.

Forsætisráðuneytinu, 6. júní 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 16. júní 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.